

Fundargerð

242. fundur Stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 12. ágúst 2022, kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Arnar Jónsson, Birgir Finnsson og Ásdís Gíslason.

Fundargerð ritaði: Ásdís Gíslason, upplýsingafulltrúi.

1. Ný stjórn SHS - 2208003

Kosningar til sveitarstjórna fóru fram þann 14. maí sl. Í kjölfar þess hafa aðildarsveitarfélögin kjörið aðal- og varafulltrúa í stjórn SHS.

Aðalfulltrúar

Dagur B. Eggertsson frá Reykjavík, formaður, Rósa Guðbjartsdóttir frá Hafnarfirði, Ásdís Kristjánsdóttir frá Kópavogi, Almar Guðmundsson frá Garðabæ, Arnar Jónsson frá Mosfellsbæ og Þór Sigurgeirsson frá Seltjarnarnesi.

Varafulltrúar

Einar Þorsteinsson frá Reykjavík, Valdimar Víðisson frá Hafnarfirði, Orri Hlöðversson frá Kópavogi, Björg Fenger frá Garðabæ, Ragnhildur Jónsdóttir frá Seltjarnarnesi og Halla Karen Kristjánsdóttir frá Mosfellsbæ.

Regína Ástvaldsdóttir hefur verið ráðinn bæjarstjóri í Mosfellsbæ. Hún hefur störf í september nk. og tekur þá sæti í stjórn SHS í stað Arnars.

Niðurstaða

Samþykkt.

Fylgiskjöl

SHS 242 1.1 Starfsáætlun stjórnar 2022 undirrituð.pdf

2. Starfsreglur stjórnar - 2208004

Starfsreglur stjórnar skal endurskoða og samþykkja í upphafi kjörtímabils. Formaður leggur fram starfsreglur fyrri stjórnar til umfjöllunar.

Niðurstaða

Frestað.

Fylgiskjöl

SHS 242 2.1 Starfsreglur stjórnar SHS 4. útgáfa, jan. 22.pdf

3. Siðareglur stjórnar - 2208005

Siðareglur stjórnar skal endurskoða og samþykkja í upphafi kjörtímabils. Formaður leggur fram siðareglur fyrri stjórnar til umfjöllunar.

Niðurstaða

Frestað.

Fylgiskjöl

SHS 242 3.1 Siðareglur stjórnarmanna SHS 2. útgáfa, des. 18.pdf

4. Árleg endurskoðun brunavarnaáætlunar - 2208006

Samkvæmt samkomulagi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) skal mönnun aðgerða- og forvarnasviðs endurskoðuð árlega á gildistíma brunavarnaáætlunar SHS. HMS hefur óskað eftir upplýsingum frá SHS vegna endurskoðunar á starfsárinu 2021.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 242 4.1 Árleg endurskoðun brunavarnaáætlunar SHS 2021.pdf

5. 6 mánaða uppgjör 2022 - 2208007

Farið yfir árshlutareikning SHS janúar - júní 2022.

Niðurstaða

6 mánaða uppgjör SHS samþykkt án athugasemda og sent stjórn til rafrænnar undirritunar.

Gestir

Sturla Jónsson, endurskoðandi SHS -
Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri SHS -

Fylgiskjöl

SHS 242 5.1 Árshlutareikningur janúar - júní 2022.pdf

SHS 242 5.2 Könnunarskýrsla GT v. 6 mánaða uppgjörs 2022.pdf

6. Tillögur um meginforsendur fimm ára fjárhagsáætlunar - 2208009

Skv. starfsreglum skulu tillögur um meginforsendur fimm ára fjárhagsáætlunar lagðar fyrir stjórn til samþykktar eigi síðar en fyrir lok ágúst ár hvert. Forsendur fimm ára áætlunar SHS hafa tekið mið af forsendum fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar en gert er ráð fyrir að þær muni liggja fyrir í lok ágúst.

Niðurstaða

Frestað.

Gestir

Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri SHS -
Sturla Jónsson, endurskoðandi SHS -

7. Aðalfundur SHS 2022 - 2208014

Samkvæmt starfsreglum stjórnar skal aðalfundur SHS haldinn fyrir 15. desember ár hvert.

Niðurstaða

Óskað verður eftir því við SSH að aðalfundur SHS fari fram í tengslum við aðalfund SSH og annarra byggðasamlaga eins og undanfarin ár.

8. Önnur mál - 2208008

Engin önnur mál liggja fyrir fundinum.

Fundi slitið kl. 08:54.

Dagur B. Eggertsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Almar Guðmundsson

Ásdís Kristjánsdóttir

Þór Sigurgeirsson

Arnar Jónsson

